

Múlaping
Sóley Valdimarsdóttir
Lyngási 12
700 Egilsstaðir

Reykjavík, 13. desember 2021
UST202112-098/B.S.
10.04.03


Efni: Lýsing. Deiliskipulag - Grund við Stuðlagil á Jökuldal. Umsögn

Vísað er til erindis Múlapings dags. 8. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um lýsingu breytinga á ofangreindu deiliskipulagi sem lúta m.a. að sameiningu lóða, skilgreiningu byggingarreita og nýtingu. Þá verða gönguleiðir og útsýnissvæði skilgreind.

Hér er um að ræða metnaðarfullar hugmyndir um bættu aðstöðu og aðgengi að Stuðlagili. Umhverfisstofnun telur jákvætt að bætt verði aðstaða fyrir ferðamenn og öryggi aukið við Jökulsá. Umhverfisstofnu gerir ekki athugasemdir við lýsinguna en bendir á að fjalla ætti í deiliskipulagi um hvernig staðið verði að mannvirkjagerðinni og hvernig frágangi og útliti verði háttað.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur



Axel Benediktsson
Sérfræðingur